

Stjórnarfundur LH 5. október 2007

10. fundur. Haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Einar Ragnarsson, Marianna Gunnarsdóttir, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Þorvarður Helgason og Hinrik Már Jónsson. Einnig var mætt Regína Gunnarsdóttir frá skrifstofu LH.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð samþykkt án athugasemda.

2. Heimsóknir – FEIF, formaður Gusts, LM ehf. – almennar viðræður

Jens Iversen forseti FEIF og Marko Mazeland sport forseti FEIF mættir á fundinn og ræða um mál FEIF og LH. Jens færir LH gjöf frá FEIF, dvd um það hvernig byrjandi sér veröld íslenska hestsins. Jens fer yfir framtíðarsýn stjórnar FEIF (f.skjal 1) og greinir frá því að stjórn FEIF muni eftir næsta stjórnarfund ákveða hvaða skref á að taka til þess að ná markmiðum FEIF. Þeir punktar verða síðan til umræðu á þingi FEIF í Reykjavík í febrúar. Jens útskýrir í mynd hvernig hugmyndin er að nálgast verkefnið og í hvaða skrefum. (sjá f.skjal 2)

Jens fer yfir baráttu meginlandsbúa við önnur hestakyn, í Danmörku er íslenski hesturinn nálægt 12% af hestum þar en í Hollandi einungis 1%. Ræðir möguleika þess að tengja saman stórmót í Evrópu við FEIF með það að markmiðið að auðvelda fjármögnun aðildarsambanda FEIF og þessara stórmóta. Hugmyndin er að byrja verkefnið með því að skiptast á þekkingu og reynslu af stórmótahaldi í Evrópu.

Skýrir frá viðræðum við Jón Baldur (BÍ) um WorldFENG, aðgengi, kostnað og fleira. Undirbúningur er þegar farin í gang og verið er að vinna að framtíðarlausn á fjármögnun WorldFENGs. Í dag standa Íslendingar straum að u.þ.b. 45% af tekjum WF en meginlandið 55%.

Jens leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að halda þétt utan um keppnis – ræktunar – menntunar – og æskulýðsmál til þess að menn séu samstíga í átt að sameiginlegu markmiði. Jens fer yfir grunnhugsun að árlegri ráðstefnu FEIF, það er að segja að ná saman eins mörgu lykilmál og hægt er árlega til þess að skiptast á skoðunum og hugmyndum. Telur hann mikilvægt fyrir alla að halda þessu fyrirkomulagi, það styrkir aðildarlöndin í þeirra baráttu og samtökin í sinni hugmyndasýn um framfarir. Þetta muni einnig styrkja stöðu samtakanna gagnvart yfirvöldum, bæði í hverju landi fyrir sig sem og EU.

Hugmynd FEIF er að nota íþrótt – og gæðingakeppni á meginlandinu til þess að örva til þátttöku í WF. Útskýra vandamál og mismun á milli landa um upprunaskráningu hesta.

Jens og Marko þakkað fyrir komuna og upplýsingar.

Bjarnleifur Bjarnleifsson mætir á fundinn og skýrir frá því að stjórn Gusts hafi ákveðið að senda LH bréf (f.skjal 3) varðandi framlag Gusts til LH.

Bréf 2 varðandi öryggismál einnig frá Gusti (f.skjal 4). Stjórn Gusts leggur LH til fjárstyrk til þess að styrkja verkefnið með 500.000,- kr.

Haraldur og stjórn LH þakka stjórn Gusts fyrir höfðingleg framlög til starfsins sem örugglega muni koma öllum hestamönnum til góða.

Lárus Dagur Pálsson mætir á fundinn og segir frá LM ehf. ***Jóna Fanney Friðriksdóttir*** kynnt sem nýráðin framkvæmdastjóri Landsmóts. Jóna Fanney fer lauslega yfir sín fyrri störf og kveðst full tilhlökkunar. Lárus kynnir mótsstjórn Landsmóts 2008, Sigurður Ævarsson, Birgir, Sigurður Sæmundsson.

Lárus fer yfir hvernig undirbúningur stendur og hvað er á döfinni og virðist mál vera að komast á verulegt skrið.

Sigríður Björnsdóttir mætir á fundinn til að útskýra út á hvað velferðarnefnd FEIF gengur. Segir frá hvaða samþykktir voru gerðar á fyrsta fundi nefndarinnar og hvaða taktík ætti að nota til þess að fá jákvæð viðbrögð frá öllum sem málið varðar. Þróunin í starfi nefndarinnar fór hins vegar út um víðan völl og starfið varð þess vegna marklaust. Farið yfir málið og ákveðið að vinna áfram að reglum um framkvæmd skoðunar fyrir Ísland. Ákveðið að Sigríður, Einar og Sigurður Æ. fari saman yfir málið og leggi fram tillögur.

Dagskráliðum 3, 5 og 6 frestað.

4. Samningur við Sögusetur íslenska hestsins varðandi vörslu sögulegra mynda. Umræður.

Farið fram á við Sögusetur íslenska hestsins að það afhendi aftur myndasafn Hestsins Okkar vegna afmælisrits LH.

7. Önnur mál

- a) Haraldur leggur til að skipa nefnd til þess að finna afrekshóp ungra knapa og hvernig halda beri utan um hann. Hópurinn verði 2. fulltrúar úr landsliðsnefnd, fulltrúar dómarafélaganna og fulltrúi úr æskulýðsnefnd. Fulltrúi af skrifstofu starfi með hópnum.
- b) Hugsu hvernig semja skuli um næsta Landsmót og ræða á næsta fundi.
- c) Formannafundur 9. nóvember þar verða allir að mæta.
- d) Sigurður Ævarsson segir stuttlega frá aðalfundi Eiðfaxa. Haraldur og Sigurður skoða málið áfram.
- e) Nauðsynlegt að kynna vel á formannafundi um nýskipun varðandi lyfjamál innan ÍSÍ. Nauðsynlegt að skrifstofan hafi allar upplýsingar.
- f) Verið að ganga frá ráðningarsamningi við Regínu Gunnarsdóttur.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn fimmtudaginn 8. nóvember kl 15:00.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson*